

**Fundargerð dreifbýlisnefndar Reykhólahrepps**  
**haldinn í Króksfjarðarnesi 10. nóvember 2017, kl. 15.30**

Mætt: Erla Björk Jónsdóttir formaður, Baldur Ragnarsson varaformaður, Guðrún Marta Ársælsdóttir varamaður, Sveinn Ragnarsson varamaður, Áslaug B. Guttormsdóttir aðalmaður og fulltrúi sveitarstjórnar. Enginn fulltrúi Gufudalssveitar var mættur.

1. Fundargerð dreifbýlisnefndar í Flatey 23. júlí 2017.

Farið yfir fundargerðina, engar athugasemdir.

2. Umsögn til Orkubús Vestfjarða um vindhverfla í Flatey.

Erindið lagt fram og kynnt. Dreifbýlisnefnd Reykhólahrepps tekur undir ályktun skipulagsnefndar frá 9. maí 2016 varðandi erindi Orkubús Vestfjarða um vindhverfla í Flatey. Nefndin telur að leggja eigi áherslu á sæstreng til Flateyjar, það sé varanlegasta og besta lausnin til að fullnægja orkupörf eyjunnar til framtíðar. Fulltrúar Flateyjar, Baldur og Guðrún, vilja að tekið sé fram að sumarið 2016 var að frumkvæði Framfarafélags Flateyjar haft samband við íbúa Flateyjar og var það samhljóða álit að vindhverflar ættu ekki við í viðkvæmu umhverfi eyjunnar. Þá vill nefndin koma á framfæri að erindi þetta barst nefndinni ekki til umsagnar fyrr en núna í september 2017.

3. Ýmis mál í Flatey í kerfinu.

- a) Málefni Flateyjarbryggju og sjóvarna kynnt og rædd. Ingibjörg Birna Erlingsdóttir, upplýsir í tölvupósti að samgönguráðuneytið hefur gert samning við Reykhólahrepp upp á 35 milljónir til að lagfæra bryggjuna í Flatey. Siglingasvið Vegagerðarinnar hefur verið upplýst um samninginn og munu þeir fara í að flytja efni út í eyju upp úr áramótum og hefja viðgerð á bryggjunni og sjóvörnum við gamla þorpið í kjölfarið en farið verður í bæði verkin næsta vor og sumar.
- b) Brunaskýlið í Flatey.

Íbúar og sumarhúsaeygendur í Flatey eru orðnir langþreyttir á vanefndum vegna brunaskýlis í Flatey. Sveitarfélagið hefur nú lagt í talsverðan kostnað í endurnýjun slökkvibúnaðar en sá búnaður liggur undir skemmdum þar sem hann stendur úti óvarinn fyrir veðri og vindum. Baldur og Guðrún vilja koma á framfæri að forsvarsmenn vatnsveitunnar í Flatey hafi boðið sveitarsjóra, Ingibjörgu Birnu, að fara yfir allan búnað slökkviliðsins í Flatey á vorin og ganga frá honum á haustin. Ingibjörg hafi tekið vel í þetta góða boð. Til þess að slíkt sé hægt verður að vera hús eða skýli fyrir búnaðinn, þannig að vatnsveitumenn geti gengið að honum, ræst hann og athugað að allt sé í lagi og sömuleiðis gengið frá honum á haustin.

Nefndin telur að brunaskýli í Flatey sé forgangsmál og þar sem fjármagni var veitt í þetta verkefni á fjárhagsáætlun 2017 sé ekkert því til fyrirstöðu að hefja verkið. Nefndin styður þá hugmynd að að ráða utanaðkomandi aðila til smíðanna. Leggur nefndin áherslu á að skýlið falli að byggingarstíl og staðaranda í eyjunni.

c) Ljósavélaskúrinn í Flatey.

Til upplýsingar þá sendi sveitarstjóri, Ingibjörg Birna, bréf til Orkubús Vestfjarða 28. ágúst sl. þar sem hún spyr um framtíðaráform OV varðandi ljósavélina og bendir á að stöðuleyfið sé útrunnið. Dreifbýlisnefnd óskar eftir upplýsingum um svör OV varðandi erindið. Íbúar í Flatey eru orðnir mjög þreyttir á staðsetningu og hávaðamengun frá ljósavélaskúr og óska úrbóta hið fyrsta.

d) Til upplýsingar: Áslaug upplýsti að samningur um Verndarsvæði í byggð – Flatey, við fyrirtækið Alta hafi verið undirritaður og verkefnið er hafið. Guðrún upplýsti að FFF hafi áhuga á að setja upp borð og bekki á þremur stöðum í Flatey. Nefndin lýsir ánægju yfir hvoru tveggja. Guðrún upplýsti jafnframt að íbúar og sumarhúsaeygendur tali um að þegar sveitarstjórn samþykki nýbyggingar í Flatey verði að taka meira tillit til náttúrunnar og umhverfis Flateyjar.

4. Ítekun á viðgerð á girðingu við vatnsbólið í Króksfjarðarnesi. Erla Björk gekk upp að vatnsbóli í sumar og sá að ekki er um stóra framkvæmd að ræða. Réttu þarf við vírnet á einni hlið, treysta eða skipta um nokkra staura og negla vírnet upp að nýju. Hún hafði samband við

umsjónarmann fasteigna með tölvupósti 18. júlí 2017. Í svari umsjónarmanns, sem barst 19. júlí, kom fram að röðin væri að koma að girðingunni.

Nefndin bendir á að brýn nauðsyn er að ráðast í lagfæringar á girðingunni, sérstaklega þar sem matvælaframleiðsla og veitingaþjónusta er í Króksfjarðanesi.

Önnur mál, löglega upp borin.

1. Plastgámur í Króksfjarðarnesi er ekki í lagi, þar sem lokið hefur legið í botni gámsins í á annað ár. Nauðsynlegt er að fá annan gám frá Gámaþjónustinni eða lagfæra þennan og er erindinu hér með komið á framfæri við sveitarstjórn/sveitarstjóra.

Einnig væri gott að bændur væru látnir vita símleiðis eða með dreifibréfi þegar Gámaþjónustan kemur að sækja plast, ekki einungis með SMS-i eins og nú er.

Ekki fleira gert og fundi slitið kl. 18.00

Áslaug B. Guttormsdóttir ritaði fundargerð

og var hún rituð í tölvu og er 3 bls.

Fundargerð lesin yfir og samþykkt samhljóða.

Erla Björk Jónsdóttir formaður,

Baldur Ragnarsson varaformaður,

Guðrún Marta Ársælsdóttir varamaður,

Sveinn Ragnarsson varamaður,

Áslaug B. Guttormsdóttir aðalmaður.

